

Góðan dag,

Sóknarnefnd Ólafsvallasóknar hyggst gera miklar endurbætur á aðgengi að kirkju og kirkjugarði í Ólafsvallakirkju.

Nú þegar er komið af stað verk þar sem lagfæra á kirkjuna sjálfa, skipta um glugga og klæðningu á veggjum að utan. Fjármögnun á því verki verður að mestu í formi styrkja frá Minjastofnun og Jöfnunarsjóði sókna.

En við ætlum ekki að láta þar við sitja. Ætlun okkar er að laga aðkomu og aðgengi að kirkjugarði. Þetta er orðin verulega aðkallandi framkvæmd þar sem núverandi hellulögn er mjög illa farin, hellur mislægar og erfitt að ganga um. Lýsingu er einnig ábótavant og fallhætta á stígnum er mikil.

Verkætlun okkar er í grófum dráttum eftirfarandi:

- Fjarlægja og grisja gróður sem liggur að gangstíg.
- Taka upp gamlar hellur og fjarlægja þær
- Jarðvegsskipta og setja hitalögn í gangstíg með lokuðu kerfi
- Niðurlögn á nýjum hellum ásamt frágangi
- Setja lýsingu við gangstíg.

Ljóst er að þetta er kostnaðarsamt verk og hljóðar kostnaðaráætlun upp á rúmar 4. millj. kr. (Sjá kostnaðaráætlun í viðhengi)

Við viljum því óska eftir þátttöku sveitarfélagsins í þessu verki með tilvísan í Verklagsreglur milli kirkjugarða og sveitarfélaga. https://www.gardur.is/frettir_myndir/Verklags_reglur.pdf

Það er prýði hvers sveitarfélags að hafa falleg kirkjustæði. Þegar hefur verið lagt í miklar og góðar framkvæmdir við Stóra-Núpskirkju þar sem sveitarfélagið tók þátt í kostnaði. Lítið sem ekkert hefur verið framkvæmt við kirkjuna á Ólafsvöllum í lengri tíma og löngu tímabært að taka þar til hendi. Þetta verk er þess eðlis að best er að framkvæma það allt í einu, ekki er hagkvæmt að framkvæma það í áföngum.

Sóknarnefnd Ólafsvallasóknar óskar eftir stuðningi frá sveitarfélaginu í formi fjárhagsaðstoðar, t.d. að sveitarfélagið leggi til fjármagn í jarðvegsskipti undir gangstíg [16.gr](#) [17.gr](#)

Virðingarfyllt,

Jóhanna Valgeirsdóttir, formaður sóknarnefndar Ólafsvallasóknar